

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
Ægissvæði



## Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

### Fundargerð 2.svæðisráðsfundar í Ægissvæði starfsárið 2010-2011 hjá Hraunborg Hafnarfirði.

Haldinn þann 12. febrúar 2011

**Fundur settur.** Svæðisritari Dröfn Sveinsdóttir setti fundinn 09:10 í fjarveru svæðisstjóra, bauð félaga velkomna, óskaði eftir því við fundarmenn að Umdæmisstjóri Óskar Guðjónsson stýrði fundi sem var samþykkt.

**Mæting.** Samkvæmt mætingarbók voru 29 félagar mættir til ráðstefnunnar sem skiptist þannig. Eldborg 5 félagar, Eldey 7 félagar, Hof 2 félagar, Hraunborg 3 félagar, Keilir 2 félagar, Setberg 2 félagar, Sólborg 4 félagar og Varða 3 félagar. Blámi 1.

**Gullkorn forseta.** Sigurður P Sigurðsson forseti Hraunborgar.

#### Morgunverðarhlé.

**Fundargerð síðasta fundar** lá frammi, var borin upp, 1 athugasemd var en ritara hafði láðst að geta þess að Setberg flutti sína skýrslu. Að áorðnum breytingum var hún samþykkt.

**Skýrslur klúbba.** Eftirfarandi kynntu skýrslur klúbba.

**Varða:** Jóhanna M. Einarsdóttir

**Sólborg:** P. Ragna Pétursdóttir

**Setberg:** Þorvaldur Finnbjörnsson.

**Keilir:** Viðar Örn Victorsson.

**Hraunbor:** Sigurður P. Sigurðsson.

**Hof:** Sveinbjörn Reynisson

**Eldey:** Guðlaugur Kristjánsson.

**Eldborg:** Ingvar Snæbjörnsson.

**Skýrslu svæðisstjóra** Óskar Guðjónsson.

#### Umræður um skýrslur.

Nokkrar umræður urðu um skýrslurnar. Þeir sem tóku til máls voru Ragna úr Sólborg, Þorvaldur úr Setberg, Jóhanna úr Vörðu, og Guðlaugur úr Eldey. Ragna ætlar að laga sýna B-skýrslu þar sem hún hefur ekki tekið stjórnarfundum með. Þorvaldur tók undir þetta, vildi fá að vita tildrög Vörðu einnig um starfið í Eldey. Jóhanna gerði grein fyrir Vörðu, Guðlaugur bauð Þorvaldi að sitja stjórnarfundum sagði að Eldey ætli að vinna Brennó keppnina í sumar. Óskar bætti inn fréttum frá umdæminu þar sem hann kom inn á Kvennaklúbb í Reykjavík, tengingu Sinawik við Kiwanis, Bláma, Eldfell, MND verkefnið K-dag, Heimasíðuna, Landsmót í Golfi, og bættu sögu hreyfingarinnar í tengslum við 50 ára afmælið árið 2014.

#### Kynning frá Bláma.

Hulda Guðlaugsdóttir forseti var mætt á ráðstefnuna sagði frá ferð 11 krakka sem öll eru börn Kiwanisfélaga, til Keila í Eistlandi, sem varð til þess að þau vildu fá að stofna unglingsklúbb á Íslandi. Hafa þau verið að hittast eru búin að skipa stjórn og í einhverjar nefndir. Hafa þau hug á að styrkja barn á vegum ABC-barnahjálpar, eru komin í samband við ungliða innan ABC um væntanlegt samstarf. Þau hittast 1x í mánuði í Hamraborg, auk þess að þau hafa verið að skemmta sér þess á milli.

#### K-dagur.

Gylfi og Emelía Dóra frá K-dagsnefnd voru mætt til að fara yfir stöðu mála. Það sem safnast í vor rennur til Lautin Akureyri, BUGL og Miðstöð foreldra og barna. (MFB) 35þús lykjar pantaðir fyrir Ísland og 5þús fyrir Færeyjar. Búið er að afla styrkja að upphæð kr.1,5millj. Frá



# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
Ægissvæði



## Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Sparisjóðnum í Keflavík, Alcoa og Ísal auk þess að Norðurál voru jákvæðir. Það félag ekki að vera hrædda við að biðja um styrk það væri bara tvö svör sem hægt væri að fá JÁ / NEI.

### Önnur mál.

Bergþór kjörsvæðisstjóri kom inn á Sumarhátíðina næsta sumar, benti þeim sem ætla að panta hús að gera það fyrir 1.apríl, verður hún haldin að Hellishólum líkt og undanfarin ár.

Ragna sagði að það gæti vel farið svo að hún kæmi á fund hjá Bláma, vildi fá nánari útlistun á Græðlingslúbbum. Var henni bent á grein í síðustu Kiwnaisfréttum. Ingvar vildi fá að vita hvort MS félagið gæti orðið sölu aðili K-dagsverkefnis. Gylfi benti á að passa yrði vel upp á söluaðila, svo það verði ekki allir lykklar úti sem verði svo skilað inn, Blámi verður söluaðili. Atli sagði að Eldfellsfélagar væru ekki bara frá Helgafelli það væri einnig gamlir félagar frá Ós. Þorvaldur benti á að þeir væru farnir að undirbúa söluna og lofaði Dóra þeim að koma í heimsókn til þeirra.

Að lokum benti Óskar á að Græðlingsklúbbar gætu líka verið yngri félagar til hliðar við klúbba sem eru skipaðir eldri félögum. Sagði að það væri kominn linkur inn á heimasíðuna með allar upplýsingar um þingið í haust. Fræðsla verðandi svæðisstjóra og Forseta yrði í mars, minnti á næsta svæðisráðsfund hjá Vörðu. Sleit því næst fundi kl. 11:58.

---

Dröfn Sveinsdóttir Ritari Ægissvæðis

---

Hildisif Björgvinsdóttir Svæðisstjóri Ægissvæðis